

1981 nr. 21 18. maí**Lög um kirkjubyggingasjóð**

■ **1. gr.** Hlutverk kirkjubyggingasjóðs, sem stofnaður var með lögum nr. 43/1954, er að veita þjóðkirkjusöfnuðum lán til kirkjubygginga í sóknum landsins og til varanlegra endurbóta á eldri kirkjum, sbr. og 6. gr.

■ **2. gr.** [Ríkissjóður veitir fé til sjóðsins eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.]¹⁾

¹⁾ L. 144/1995, 17. gr.

■ **3. gr.** Stjórn kirkjubyggingasjóðs skal skipuð þrem mönnum. Biskup Íslands er formaður hennar, en kirkjuþing kýs tvo stjórnarmenn og jafnmarga til vara. Skal annar þeirra vera leikmaður, en hinn starfandi prestur. Kjörtímabil er fjögur ár.

□ Kirkjubyggingasjóður er í vörslu biskupsembættisins, er annast fjárreiður sjóðsins og bókhald.

□ Reikningar sjóðsins skulu birtir í Stjórnartíðindum.

■ **4. gr.** Sóknarnefndir skulu í lánsútsóknum gera glögga grein fyrir áformum um kirkjubyggingu eða endurbót á eldri kirkju, þ. á m. kostnaðaráætlunum og áætlunum um framkvæmdatíma. Teikningar og kostnaðaráætlanir skulu lagðar fyrir þriggja manna nefnd, sem í eiga sæti biskup Íslands, húsameistari ríkisins og þriðji maður, sem kirkjumálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn, og skipar hann varamann til sama tíma. Biskup er formaður nefndar þessarar. Eigi má veita lán úr sjóðnum nema teikning af kirkjubyggingu eða af endurbót á eldri kirkju hafi hlotið samþykki nefndarinnar.

■ **5. gr.** Lánsupphæð miðast við stærð kirkju. Má hún vera allt að 200 krónum á hvern teningsmetra, þó aldrei meira en 1000 krónur á hvern fermetra gólfflatar, en fjárhæðir þessar breytast í samræmi við byggingavísitölu, sbr. 2. gr. 1. mgr.

□ Byggingalánin endurgreiðast með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta á 40 árum.

□ Til endurbóta á eldri kirkjum má eigi veita hærri lán en sem svarar $\frac{2}{5}$ kostnaðar samkvæmt reikningum, sem sjóðstjórn úrskurðar. Lán þessi endurgreiðast með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta á 20 árum.

■ **6. gr.** Heimilt er að veita lán úr kirkjubyggingasjóði til kirkjubyggingar eða endurbóta á kirkju, þótt í einkaeign sé, að fengnum meðmælum sóknarnefndar og umsögn héraðsprofests, enda sé kirkja notuð í þágu þjóðkirkjusafnaðar, svo sem safnaðareign væri, og eignir hennar ófullnægjandi til framkvæmdanna að dómi stjórnar kirkjubyggingasjóðs.

■ **7. gr.** Biskup Íslands getur nefnt fulltrúa sinn til að sitja fundi stjórnar kirkjubyggingasjóðs og nefndar skv. 4. gr., og hefir fulltrúinn sömu stöðu og biskupi er ætluð í þessu sambandi.

□ Stjórn kirkjubyggingasjóðs og nefnd sú, sem mælt er fyrir um í 4. gr., geta leitað eftir aðstoð í störfum sínum, og greiðir kirkjubyggingasjóður þann kostnað.

■ **8. gr.** Stjórn kirkjubyggingasjóðs semur frumvarp til reglugerðar, er kirkjumálaráðherra staðfestir, um starfsemi sjóðsins og starfshætti stjórnar sjóðsins og nefndar skv. 4. gr. svo og um framkvæmd laganna að öðru leyti. Í reglugerð er rétt að setja ákvæði um vexti af lánnum og önnur lánakjör að svo miklu leyti sem um þau er eigi mælt í lögum þessum og ennfremur um það, hversu umsóknir um lán skuli vera úr garði gerðar og hver gögn fylgi þeim og fyrir hvaða tíma umsóknir skuli berast ár hvert.

■ **9. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi . . .